

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1002  
komudagur 25.1.2010



Nefndarsvið Alþingis  
b.t. skjalaskráningar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Landspítala, 22. janúar 2010

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/007, með síðari breytingum

Eftirfarandi er umsögn framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum, þskj. 360, 308. mál en með bréfi frá heilbrigðisnefnd Alþingis, dags. 11. janúar 2010, sem barst með tölvupósti til skrifstofu forstjóra Landspítala, var gefinn frestur til 25. janúar 2010 til umsagnar.

#### Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

##### 1. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 2. og 3. mgr. 10. gr. gildandi laga falli brott. Framkvæmdastjóri hjúkrunar er ósammála þeirri tillögu að ákvæði um yfirlækna, yfirhjúkrunarfræðinga og deildarstjóra hjúkrunar verði felld brott úr lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

##### Rökstuðningur:

Til að tryggja öryggi sjúklinga í heilbrigðisþjónustu er nauðsynlegt að kveða nánar á um innra skipulag heilbrigðisstofnana með því að leggja enn ríkari áherslu á faglega ábyrgð deildarstjóra hjúkrunar og yfirlækna gagnvart næsta yfirmanni. En skv. 1. mgr. 10. gr. laganna bera framkvæmdastjóri hjúkrunar og framkvæmdastjóri lækninga faglega ábyrgð á þjónustu stofnunar gagnvart forstjóra.

Undanfarin ár hafa heilbrigðisstofnanir á Íslandi innleitt flatara stjórnskipulag þ.e. með færri yfirmönnum í heilbrigðisþjónustu og dreifingu ábyrgðar á færri hendur. Fagleg, starfsmannaleg og rekstrarleg ábyrgð hefur því færst á færri hendur á heilbrigðisstofnunum. Að sama skapi hefur fagleg ábyrgð sem er á höndum deildarstjóra hjúkrunar og yfirlækna aukist umtalsvert og er nauðsynlegt að um það sé skýrt kveðið á um í lögum um heilbrigðisþjónustu. Áhættan við að hafa faglegu ábyrgðina ekki skýra í lögum er sú að öryggi sjúklinga í heilbrigðisþjónustu er stofnað í hættu.

Það má leiða líkum að því að gæði heilbrigðisþjónustu á Íslandi sem er á heimsmaelikvarða sé að hluta til vegna þess hve þessir hópar hafa tekið faglega ábyrgð sína alvarlega enda lög sem kveða á um hana. Því ber einnig að halda til haga að fagleg og rekstrarleg ábyrgð haldast í hendur og hafa áhrif á hvor aðra. Deildarstjórar hjúkrunar og yfirlæknar hafa það erfiða verkefni að sjá til þess að þjónusta við sjúklinga standist gæðakröfur í heilbrigðisþjónustu ásamt því að hún þurfi að vera innan ramma fjárheimilda. Mikilvægt er því að draga ekki úr þessari ábyrgð millistjórnenda í heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Framkvæmdastjóri hjúkrunar er ósammála því að þessi breyting á lögum auki svigrúm til að endurskipuleggja heilbrigðisstofnanir. Á Landspítala hafa gildandi lög um heilbrigðisþjónustu ekki staðið í vegi fyrir því að sameina deildir og í kjölfarið fækka yfirmönnum í hjúkrun og lækningum. Á Landspítala hefur gríðarlegt átak verið unnið í að auka skilvirkni og draga úr kostnaði undanfarin ár. Einmitt vegna þess hve einingar/deildar hafa stækkað og ábyrgðin aukist á millistjórnendum er mikilvægt að hún sé skýr í lögum um heilbrigðisþjónustu til að hægt sé að framfylgja henni, hafa eftirlit með henni, koma í veg fyrir og fækka mistökum í heilbrigðisþjónustu og þannig  **tryggja öryggi sjúklinga í heilbrigðisþjónustu.**


## 2. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 17. gr. laganna falli brott. Framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala er ósammála þeirri tillögu að ákvæði um að „Forstjóri og framkvæmdastjórn heilbrigðisstofnunar skuli hafa samráð við yfirlækni og yfirhjúkrunarfræðing heilsugæslustöðvar þegar sérmál hennar er til ákvörðunar“ verði fellt brott úr lögnum.

### Rökstuðningur:

Mikilvægt er að ná fram aukinni hagræðingu og sveigjanleika í starfsemi heilbrigðisstofnana þ.m.t. á heilsugæslustöðvum. Á sama tíma er faglegt samráð og fagleg ábyrgð mikilvæg í faglegum málefnum hjúkrunar og lækninga. Nauðsynlegt að tryggja það með lögum að forstjórar og framkvæmdastjórn hafi samráð við faglega stjórnendum í ákvarðanatökum er lúta að viðkvæmri faglegri þjónustu eins og sinnt er á heilsugæslustöðvum til að tryggja gæði og öryggi þjónustu til einstaklinga og fjölskyldna sem nota þjónustu heilsugæslustöðva. Aukin hætta er á mistökum í ákvarðanatökum í þessum viðkvæma málaflokki heilbrigðismála á Íslandi ef dreifing valdsins minnkar enn frekar í ákvarðanatökum – samráð við fagstjórnendum, bæði hjúkrunar og lækninga, er því nauðsynlegt til að auka gæði ákvarðanatökunnar.

Virðingarfyllt,



Anna Stefánsdóttir,

framkvæmdastjóri hjúkrunar Landspítala